

Af hverju geta ekki allir verið vinir?

Jóhanna Eggertsdóttir

skrifar:

Sem skjólstæðingur stuðningsþjónustu Geðhjálp langar mig að lýsa í fáum orðum hvernig ástandið er búið að vera fyrir og eftir löglegan aðalfund Geðhjálp um daginn:

Fyrir fund var mikill kviði og öryggisleysi í okkar hópi, allir upp-tjúnaðir. Það heyrðist að það ætti að leggja niður stuðningsþjónustuna sem er stuðningsaðili minn. Og við myndum missa húsnaðið. Starfsfólkið okkar er undir miklu álagi vegna mannekle og rafmagns andrúmslofts. Mér fannst sem ég horfði í botnlaust hlydýpi og allt svo svart og drungalegt.

Fundurinn var í einu orði sagt eins og leikrit. Fólkið var eins og

Fundurinn var í einu orði sagt eins og leikrit. Fólkið var eins og það væri í hrærivél – allt í upplausn. Formaður missti stjórn á skapi sínu og hún og fleiri í stjórninni strunsuðu af fundi.

það væri í hrærivél – allt í upplausn. Formaður missti stjórn á skapi sínu og hún og fleiri í stjórninni strunsuðu af fundi. Þessi formaður (Eydis) hefur síðan gerst ber að því að vera lygari. Það var ekki einn einasti maður undir áhrifum áfengis eða í annarlegu ástandi á fundinum eins og hún hélt fram í

sjónvarpi.

Þau ruku út af því að vissu að þau voru að tapa völdum.

Þau voru sko ekki að hugsa um okkur skjólstæðingana! Þarna réð valdagræðgin og ekkert annað!

Eftir fund fannst mér ástandið versna. Ég pakkaði niður dótinu mínu og ætlaði að ganga út eins og vinir mínir. Starfsfólkið sem stendur vörð um okkur er undir gifurlegu álagi. Ég elska það allt og treysti því, þetta er heimili okkar.

Hvernig fyndist ykkur, lesendur góðir, ef þið kviðuð fyrir því að koma heim til ykkar, ættuð jafnvel von á því að missa athvarfið ykkar og lenda jafnvel inni á deild?

Af hverju geta ekki allir verið vinir?